

- hinna kærðu hafi átt að bera á verslunarrekstrinum
- að rannsaka ítarlegar en gjört hefir verið efna-
hag ákærða Björns Sveinssonar 4. ágúst 1922,
er hann tók við versluninni og 31. mars 1924,
er hann skilaði henni af sjer, svo og hvernig
hann hafi varið tekjum sínum meðan hann
hafði forstöðu verslunarinnar á hendi
- að yfirheyra verslunarmann Pál Stefánsson sem
vitni, ef til hans næst og þá menn aðra, sem
líkur eru til, að gætu gefið einhverjar upp-
lýsingar í málinu og yfirhöfuð ber rannsóknar-
dómaranum að útvega skýrslur þær og aðrar
upplýsingar, er framhaldsrannsóknin kann að
gefa tilefni til að leita.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega fram-
angreindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt
sem verða má.

Mánudaginn 8. júní 1925.

Nr. 62/1924. **Ólafur Jóhannesson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

**skiftaráðandanum í Barðastrand-
arsýslu f. h. þrotabús h/f. „Patrek-
ur“ o. fl.** (Enginn).

Urskurður um gjaldþrotaskifti ómerktur.

Úrskurður skiftarjettar Barðastrandarsýslu
19. sept. 1924: Hlutafjelaginu „Patrekur“ Patreksfirði er
slitið, og skulu eignir þess teknar til þrotabúsmeðferðar.

Dómur hæstarjettar.

Hinir stefndu mættu eigi í málinu, er sókn skyldi flutt í því. Hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna og ber að dæma það samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Málavextir eru þeir, að hinn 16. sept. f. á. sendu nokkrir hluthafar í h/f. »Patrekur« beiðni til skiftaráðandans í Barðastrandarsýslu, þar sem þess er farið á leit að nefnt hlutafjelag verði tekið til gjaldprotaskifta. Á erindi þetta ritaði skiftaráðandi fyrir-kall til fjelagsstjórnarinnar með tilvitnun til 6. gr. laga 13. apríl 1894 um gjaldprotaskifti, og var fyrir-kall þetta síðan birt stjórnendum fjelagsins, þar á meðal áfrýjanda, Ólafi konsúl Jóhannessyni, sem var formaður stjórnarinnar. Á tilsettum stað og stundu mættu 3 af gjörðarbeiðendunum, en af hálfu stjórnendanna mætti áfrýjandi og lagði fram skrifleg mót-mæli gegn kröfu gjörðarbeiðanda. Það er því eigi rjett í forsendum hins áfrýjanda úrskurðar, að stjórn hlutafjelagsins hafi eigi mætti eða látið mæta á fundinum.

Þótt hlutafjelag það er hjer ræðir um, hafi verið komið í fjárþröng og ekki getað staðið í skilum við kröfuhafa sína, höfðu einstakir fjelagsmenn þess hvorki samkvæmt lögum fjelagsins eða samkvæmt lögum nr. 77, 27. júní 1921 um hlutafjelög neina heimild til þess að krefjast þess að fjelagið væri tekið til gjaldprotaskifta, og þar sem gjörðarbeiðendur áttu hinsvegar eigi til neinnar skuldar að telja hjá fjelaginu, lá eigi fyrir nein lögmet heimild til þess að taka bú þess til gjaldprotaskifta. Það ber því að ómerkja hinn áfrýjanda skiftarjettar-

úrskurð. Samkvæmt þessum úrslitum verður að dæma gjörðarbeiðendur, er stefndir eru í máli þessu, til þess in solidum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, og ákveðst hann 300 kr.

Það er aðfinnsluvert að skiftaráðandi hefir eigi sjerstaklega tekið til úrskurðar kröfu, er fram kom á skiftafundinum frá áfrýjanda, um að hann (skiftaráðandi) viki úr sæti í málinu.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði skiftarjettarúrskurður á að vera ómerkur.

Hinir stefndu Magnús Þorsteinsson, F. A. Þórðarson, Bjarni Þórðarson, Þórarinn Árnason, Magnús Jóhannsson, Ari Einarsson, E. M. Bachmann, Guðmundur Þórðarson, Hallgrímur Guðmundsson, Ólafur Ólafsson og Jóhannes Jóhannesson greiði in solidum áfrýjanda Ólafi Jóhannessyni 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda úrskurðar hljóða svo:

Með lögum 27. júní 1921 nr. 77 eru settar vissar ákvæðnar reglur um hlutafjelög og eru sjerstök ákvæði í 59. gr. nefndra laga, að því er eldri fjelög snertir, og bar að hafa lokið skrásetning slíkra fjelaga sem þessa, innan 1. júlí 1922, en þessa hefir ekki verið gætt með þetta fjelag, og verður því samkvæmt ákvæðum nefndra laga, að líta á fjelag þetta, sem því hafi verið slitið, sbr. ákvæðin: „og skal þá slíta fjelaginu“. Stjórn hlutafjelagsins „Patrekur“ hefir hvorki mætt eða mæta látið, þótt fyrirskallið sje löglega birt og ber því að líta á kröfur hluthafanna samkvæmt ákvæðum 6. gr. í gjaldþrotalöguunum frá 1894, og telja kröfu *hluthafanna* á rökum bygða, enda viðurkent af stjórnar-

formanninum, að fjelagið eigi ekki fyrir skuldum sínum, og sje því insolvent, enda skip það, sem fjelagssapurinn byggðist á, selt, og því grundvellingur undir fjelagsskapnum kipt burt, auk þess, sem nú er að fjelaginu gengið af einum kröfuhafa með fjárnámi, verður að telja kröfn hluthafanna til að framselja fjelagið til gjaldþrotaskifta á fullum rökum byggða, og hafa heimild ekki einungis í 39. gr. laganna frá 1921, ef stjórnin hefði tilkynnt fjelagið, svo sem skylda hennar var, heldur og í almennum ákvæðum um, að allir skuldheimtumenn skuli njóta sömu rjettinda, að því er eignirnar snertir, enda er nægilegt í þessu sambandi að vísa til 26. gr. gjaldþrotalaganna sbr. 263. gr. hegningarlaganna, og verður því krafa hlutafjárhafanna tekin til greina að þessu leyti, að fjelaginu sje slitið, og eignir þess teknar til gjaldþrotaskifta-meðferðar.

Miðvikudaginn 10. júní 1925.

Nr. 12/1925.

Valdstjórnin (Sveinn Björnsson)
gegn

Birni Ólafs (Lárus Jóhannesson).

Brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 26. jan. 1925: Kærður, Björn Ólafs, greiði fjórtán þúsund króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að fallast má á ástæður lögreglurjettar-dómsins, sem ekki er hnekt með framlögðum nýjum skýrslum af hendi kærða, ber að staðfesta dóminn, enda styður svarbrjef forstöðumanns stýrimannaskólans, dags. 12. mars þ. á., við fyrirspurnum sækjanda